

Ár 2014, mánudaginn 30. júní, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Jónasi Þór Guðmundssyni, Kolbeini H. Stefánssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

Að ákveða almenna launahækkun til þeirra sem undir kjararáð heyra

I.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð skal ráðið taka mál til meðferðar þegar því þykir þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald ráðsins tekur til.

Kjarasamningar hafa verið undirritaðir við velflest stéttarfélög ríkisstarfsmanna og aðildarfélög Alþýðusambands Íslands. Þeir fela meðal annars í sér að á árinu 2014 hækka laun um 3,4% að meðaltali. Laun samkvæmt flestum kjarasamningum fjármálaráðherra og ríkisstarfsmanna munu hækka frá og með 1. febrúar 2014.

Með hliðsjón af framangreindu ákveður kjararáð að laun skuli hækka eins og í ákvörðunarorði segir.

II.

Ákvörðunarorð

Laun þeirra sem ákvörðunarvald kjararáðs nær til skulu hækka um 3,4% frá og með 1. febrúar 2014.

Svanhildur Kaaber

Jónas Þór Guðmundsson

Kolbeinn H. Stefánsson

Rannveig Sigurðardóttir

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson